

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík - stofnanir




NEYTENDASTOFA


Reykjavík, 30.04.2015  
Tilv. 2015/0206, EES-reglur) - 0.0.01  
TA

**Efni: Svar við beiðni nefndar - drög að hliðarfrumvarpi vegna 504. mál**

Neytendastofa vísar til beiðni umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis sem kom fram á fundi nefndarinnar 27. apríl 2015 þar sem nefndin óskaði eftir því að stofnunin sendi nefndinni drög að hliðarfrumvarpi sem er nauðsynlegt að Alþingi samþykki samhliða frumvarpi því sem hér liggur fyrir um farþegaflutninga á landi, 504. mál. Í meðfylgjandi minnisblaði eru tillögur Neytendastofa settar fram með innfelldum breytingum í lög nr. 91/2006 og reiknar með því að nefndarritari geti fært þetta í viðtekið frumvarpsform. Óski nefndin hins vegar eftir því að Neytendastofa geri það þá getur hún tekið það að sér en vegna annríkis var ekki unnt að setja þetta í það form að svo stöddu og auk þess telur stofnunin að þetta form sé að mörgu leyti skýrara fyrir nefndina og gefi betri sýn á þær breytingar sem hér er verið að leggja til.

Virðingarfyllst  
f.h Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

  
Guðmundur Árnason  
Sviðsstjóri

Fylgiskjal: Minnisblað Neytendastofu - drög að breytingum á lögum nr. 91/2006 -  
hliðarfrumvarp



## NEYTENDASTOFA

### Minnisblað

Reykjavík 30 apríl 2015.

Til: Umhverfis-og samgöngunefndar Alþingis

Frá: Neytendastofu

Efni: Tillaga til umhverfis – og samöngunefndar

Neytendastofa vísar til beiðni nefndarinnar um að stofnunin myndi senda nefndinni tillögu að hliðarfrumvarpi við fyrirbyggjandi drög að frumvarpi til laga um farþegaflutninga á landi, sbr. einnig umsögn stofnunarinnar.

Hér meðfylgjandi eru tillögur Neytendastofu færðar inn í gildandi lög nr. 91/2006 og unnt er að breyta þessu í frumvarpsform óski Alþingi eftir því að stofnunin geri það.

Breyting á 31. gr. laganna:

**IX. kafli. Löggildingargjald og eftirlitsgjald með gæðakerfum og forpökkuðum vörum.**

■ **31. gr. Löggildingargjald.**

Í gjaldskrá sem ráðherra setur skal kveða á um löggildingargjald sem innheimta skal þegar Neytendastofa eða aðili sem fengið hefur umboð hennar til löggildingar framkvæmir löggildingum mælitækis. **Aðili sem annast löggildingum skal innheimta löggildingargjald af eigendum mælitækis þegar innheimt er greiðsla fyrir veitta þjónustu við mælitækið. Löggildingargjald skal greiða af eftirlitskyldum mælitækjum í notkun sem um getur í 2. mgr. 13. gr. og mælt er fyrir um að skuli löggilt samkvæmt reglum sem ráðherra setur skv. 1. mgr. þessarar greinar. Gjald fyrir öxulþunga-og hafnarvogir er 35.000, verslunarvogir 2500, eldsneytsdælur 4000 og önnur löggildingarskyld mælitæki 1500 krónur, svo og söfn þeirra.**

Löggildingargjald skal innheimt skv. gjaldskrá, sem ráðherra gefur út, af eiganda mælitækis þegar löggildingaraðili löggildir í umboði Neytendastofu eða Neytendastofa löggildir sjálf löggildingarskyld mælitæki.

**Greinargerð:** Árið 2006 var í miklum flýti breytt frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 91/2006 og sett inn regla um að löggildingargjald skyldi vera 15- 25% af þjónustugjaldi sem innheimt er þegar að aðili sem vinnur í umboði Neytendastofu löggildir tæki. Í dag eru 2 aðilar sem hafa fengið slíkt umboð þ.e. Frumherji og Löggilding ehf. Í framkvæmd er það þannig að löggildingargjald er lagt ofana á afsláttarkjör sem viðkomandi aðili sem fær löggilt tæki nýtur hjá framangreindum aðilum. Þetta veldur mikilli mismunun þannig að t.d. lítil verslun greiðir mun hærra löggildingargjald sem er lagt e.t.v. á fullt verð þjónustunnar en annað fyrirtæki sem nýtur mikilla afsláttarkjara greiðir þá hlutfallslega mun lægra löggildingargjald sem andstætt eðli og tilgangi þessara gjalda. Auk þess telur Neytendastofa að slík mismunin sé andstæð ákvæðum stjórnarskrár um jafnræði við skattheimtu sem sé mikilvægt að lagfæra og setja í fyrra horf þ.e. að gjaldið sé lögákveðið og veiti ekki færi á

neinni mismunun. Tillaga um fjárhæð löggildingargjalda sem hér er gerð tekur mið af innheimtu gjalda sem fram fer í dag og algeng afsláttarkjör. Löggilding á eldneytisdælu skv. verðskrá Frumhverja er t.d. um 20.000 og veiti fyrirtækið 30% afslátt frá því gjaldi þá er löggildingargjaldið sem innheimt er um 4000 kr. Samskonar viðmið er haft varðandi verslunarvogir en algengt gjald er þar 10 000 krónur en með sambærilegum afslætti er innheimt u.þ.b. 2500 króna löggildingargjald. Eðli máls samkvæmt er mun dýrara að löggilda hafnarvogir og auk þess er eftirlit með þeim viðameira og þær dreifast vítt og breytt um landið. Eðlilegt er að mun hærra gjald sé tekið vegna slíkra tækja. Loks er tilgreint að önnur tæki skuli aðeins bera 1500 króna gjald, svo og söfn þeirra sem eru endurlöggilt en það getur átt við um endurlöggildingu t.d. raforkumæla og safna þeirra, sem er gert með úrtaksprófunum, þannig að gjald verður greitt af öllum mælum. Þess ber þó að geta að þessi mælitæki eru mun fleiri hér á landi en þau koma aðeins til endurlöggildingar á allt að 7 ára fresti sbr. nánar reglugerðir Neytendastofu sem gilda um það efni. Af þeirri ástæðu koma þessar tekjur til með að skila sér í takt við þann fjölda mælitækja sem eru tekin til árlegarar endurlöggildingar hverju sinni. Rétt er að reikna með að ráðherra flytji frumvarp reglulega til að breyta þessum fjárhæðum í takt við breytingu á verðlagi og því ekki valið hér að binda þessar fjárhæðir við ákveðna vísitölu eða annars konar sjálfvirka hækkun gjaldanna. Annar valkostur er að Alþingi veiti ráðherra almenna heimild til að hækka framangreind gjöld í hátt við breytignar á verðlagi og kostnaði við eftirlitið. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir skal kveðið nánar á um löggildingargjald fyrir einstakar tegundir mælitækja samkvæmt þessari grein.

Inn í löginn verði bætt nýrri grein sem verður 32. gr.a:

### **32. gr. a.**

**Neytendastofa skal taka gjald fyrir löggildingarþjónustu sem hún veitir samkvæmt ákvæðum þessa kafla.**

**Að fenginni tillögu Neytendastofu samþykkir og birtir ráðherra gjaldskrá fyrir löggildingar Neytendastofu sem hún veitir.**

**Gjaldskrá samkvæmt þessari grein skal byggð á eftirfarandi kostnaðarliðum:**

**a. vinnutímagjaldi faggiltu löggildingarstofunnar;**

**b. efniskostnaði og öðrum útlögðum kostnaði, þegar það á við;**

**c. gjaldi vegna viðhalds faggildingar;**

**d. hlutdeild í venjulegum stjórnunarkostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna húsnæðis, aðgangs, viðhalds og endurnýjunar mæligrunna og löggildinagarbúnaðar.**

**Greinargerð:** Neytendstofa fer með lögbundið eftirlit mælitækja hér á landi, varðveitir landsmæligrunna, löggildir og tekur að sér kvarðanir mælitækja fyrir aðila sem þurfa á slíkri þjónustu að halda þ.e. þegar þeir vilja gera það án lagaskyldu. Það getur t.d. átt við þegar að rannsóknarstofur hér á landi eru faggiltar og teknar út samkvæmt reglum sem gilda um faggildingu þeirra til þess að mega starfa og vera viðurkenndar alþjóðlega. Slíkar rannsóknarstofur kunna t.d. að nota vogir við

mælingu á sýnum og til þess að rannsóknarstofa fái faggildingu eða faggilding hennar er endurstaðfest þá verður hún að sýna við úttekt vottorð frá kvörðunarbýðustuu Neytendastofu að vogir hafi fengið kvörðun og mæli rétt. Í öðrum tilvikum er það lagaskylda að mælitæki skuli kvörðuð með reglubundnum hætti og það staðfest með löggildingu tækjanna. Í 29.-30. gr. laganna eru reglur um gjalddöku sem varðandi slíka þýðunustu Neytendastofu. Árið 2009 færðist þessi málaflokkur frá iðnaðar-og viðskiptaráðuneyti til innanríkisráðuneytisins. Árið 2012 óskaði Neytendastofa eftir því að ráðuneytið myndi staðfesta gjaldskrá fyrir löggildingarþýðunustu vegna gjaldmæla leigubifreiða. Innanríkisráðuneytið telur að það þurfi að setja inn skýrara ákvæði í lögin varðandi gjalddöku þegar að Neytendastofa framkvæmir sjálf löggildingu mælitækis. Mikilvægt er að ráðuneytið staðfesti og birti eins fljótt og unnt er reglugerð Neytendastofu um löggildingu og eftirlit með gjaldmælum leigubifreiða svo sem Alþingi hefur mælt fyrir um í lögum frá árinu 2001, sbr. einnig nú fyrirleggjandi frumvarp um farþegaflutninga á landi. Innanríkisráðuneytið hefur því ekki treyst sér til að gefa út framangreindar reglur og gjaldskrá fyrir en að þeirra mati sé skýrari heimild varðandi löggildingarþýðunustu mælitækja. Hér er því lagt til að þessi heimild verð gerð skýrari þannig að enginn vafi sé fyrir hendi að þessu leyti og ekkert því lengur til fyrirstöðu af hálfu ráðuneytisins að staðfesta og gefa út umræddar reglur sem eru samsvarandi í reynd og ákvæði sem nú þegar eru í 30. gr. laganna.

#### Breytingar á 34. gr.:

■ **34. gr. Um gjalddaga, dráttarvexti og skýrslu.**

„Aðili sem annast framkvæmd löggildingar í umboði Neytendastofu innheimtir löggildingargjald af eigendum mælitækja, sbr. 31. gr. Löggildingargjaldi skal skila inn til Neytendastofu mánaðarlega þannig að gjalddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.“

**Greinargerð:** Löggildingaraðili hefur í reynd gert skil mánaðarlega frá því að löggildingargjald hefur verið innheimt samkvæmt lögnum það eru hagsmunir Neytendastofu og ríkisins að innheimta þessa gjalds verði áfram jafn góð og verið hefur og lengist ekki í ársþriðjungslag uppgjör eins og lögin heimila nú og rétt að orðalag greinar sé í samræmi við framkvæmd undanfarin 10 ár.

Sé eftirlitsgjald skv. 32. gr. og 32. gr.a. ekki greitt innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða í ríkissjóð dráttarvexti í samræmi við vaxtalög, svo og innheimtukostnað.

Aðilar sem starfa að löggildingu mælitækja í umboði Neytendastofu skv. 33. gr. skulu við uppgjör á eftirlitsgjaldi samkvæmt lögum þessum og eigi síðar en á gjalddaga hvers uppgjörstímabils skila ótilkvaddir skýrslu í því formi sem Neytendastofa ákveður vegna mælitækja sem bera gjald á uppgjörstímabilinu.

**Greinargerð:** Í samræmi við það að bætt er inn nýju viðbótarákvæði í sem verði 32. gr. a. þá er vegna skýrleika rétt að bæta inn í 2. mgr. 34. gr. tilsvísun til hinnar nýju greinar lagagreinar þannig að enginn vafi sé fyrir hendi að sama gildir varðandi löggildingargjöld sem eigendum mælitækja er skylt að greiða beint til Neytendastofu. Rétt er að breyta orðalagi þar sem aðili sem vinnur í umboði Neytendastofu er ekki hinn gjaldskyldi aðili varðandi löggildingargjald því það er eigandi mælitækis. Aðili sem vinnur í umboði Neytendastofu innheimtir hins vegar þessi gjöld þegar mælitæki er löggilt

með sama hætti og Neytendastofa myndi gera ef hún sjálf hefði framkvæmt og veitt þjónustuna og er hann því skilaskyldur á gjaldinu til stofnunarinnar sem vörsluaðili.